

# **Um fornleifar á Þingvöllum**

## **Frumathugun**

**Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson**

**FS061-98121  
Fornleifastofnun Íslands  
Reykjavík  
1998**



© Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3, 101 Reykjavík  
S: 551 1033, fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@mmedia.is](mailto:fsi@mmedia.is)

## Efni

<b>INNGANGUR.....</b>	<b>4</b>
<b>RITAÐAR HEIMILDIR UM ÞINGVALLALAND.....</b>	<b>4</b>
Jörðin.....	4
Bærinn .....	8
Kirkjan .....	10
Kirkjugarður.....	16
<b>FORNLEIFAR Í LANDI ÞINGVALLA.....</b>	<b>19</b>
Athuganir og skráning á 18. öld.....	19
Rannsóknir á 19. öld.....	20
Rannsóknir 1900-1950.....	23
Rannsóknir á síðustu árum.....	24
<b>NÝJAR RANNSÓKNIR.....</b>	<b>27</b>
Vettvangsathugun 1998.....	28
<b>VERNDUN OG KYNNING.....</b>	<b>29</b>
<b>NIÐURLAG.....</b>	<b>33</b>
<b>SAMANTEKT.....</b>	<b>34</b>

## Inngangur

Haustið 1996 hófust umræður milli Þingvallanefndar og Fornleifastofnunar Íslands um rannsóknir á Þingvöllum. Síðar voru gerðar tillögur um rannsóknir á þingstaðnum annars vegar og hins vegar kirkjuleifum við Þingvallabæ. Vorið 1998 óskaði nefndin eftir að gerð yrði frumathugun vegna fyrirhugaðra rannsókna á fornum kirkjuminjum á Þingvöllum í því augni að auðvelda skipulag og framkvæmd áframhaldandi rannsókna.

Í þessari skýrslu er birtur árangur þessarar frumathugunar. Hún var fólgin í heimildakönnun, úttekt á fyrri rannsóknum og athugun á vettvangi.

Höfundar skýrslunnar þakka Dr. Gavin Lucas við Cambridge háskóla ráðgjöf um fjarkönnunaraðferðir, Elínu Ósk Hreiðarsdóttir fyrir aðstoð við gagnaöflun, Einari E Sæmundsen hjá Landmótun og Sigurjóni Páli Ísakssyni hjá Línuhönnun fyrir veittar upplýsingar og sr. Heimi Steinsen fyrir leiðsögn og aðstoð á Þingvöllum.

## Ritaðar heimildir um Þingvallaland

### *Jörðin*

Elstu heimild um Þingvelli er að finna í Íslendingabók. Þar kemur fram að land Þóris kroppinskeggja í Bláskógum hafi orðið sektarfé og verið lagt til alþingishalds um 930<sup>1</sup>. Ekki er nánari lýsing á þingstaðnum eða umhverfi hans að öðru leyti en að fram kemur að þar sé þá á ritunartíma Íslendingabókar, á árabílinu 1122 til 1133, almenningur í skógum til eldsneytis fyrir þingmenn og hestaganga á heiðum um þingtímann. Svo virðist sem þessi sérstöku réttindi þingmanna hafi verið rótin að þessari skýringarsögn. Í varðveittum Landnámabókum frá um 1300 er eyða í landnámslýsingum frá Öxará og austur um Þingvallavatn, en slíkar eyður eru á nokkrum stöðum í verkinu og því ekki hægt að segja hvort hér hafi söfnurum verksins brostið heimildir eða hvort eyða var á þessum stað af því að menn töldu svæðið hafa verið allsherjarfé. Getur seinni möguleikinn tæplega talist líklegur því þá væri eðlilegra að gera ráð fyrir að höfundar hefðu getið um slíkan fróðleiksmola. Í Haukdælapætti er minnst á Þórð skeggja í

<sup>1</sup> Íslendingabók. Landnámabók (1968) Jakob Benediktsson. *Íslensk fornrit [hérefitir ÍF] I*, 8-9.

Bláskógum en Ketilbjörn Ketilsson ættfaðir Haukdæla átti Helgu dóttur hans og var hann með Þóri um vetursakir fyrir neðan Bláskógaheiði. Þórður þessi á auðsýnilega að vera sami maður og Þórir kroppinskeggi hjá Ara fróða en Haukdælapáttur er miklu yngri heimild, frá 13. öld. Haukdælapáttur rekur í kjölfarið nokkrar örnefnaskýringar, m.a. um Öxará sem á að draga nafn sitt af því að þeir Ketilbjörn hafi mist öxi niður um vök á ánni. Því er síðan bætt við að Öxará hafi síðan verið “veitt í Almannagjá og fellur nú eftir Þingvelli.”<sup>2</sup> Athyglisvert er að hvorug heimildin telur að Þórir/Þórður hafi búið á Þingvelli en fjöldi bæjarstæða annara geta átt við lýsinguna “undir Bláskógaheiði” eða “í Bláskógum”.<sup>3</sup> Ef sögnin um veitingu Öxarár í Almannagjá er ekki tilbúningur – og nýlegar athuganir benda til að svo sé ekki<sup>4</sup> – þá verður að telja að lítt hafi verið byggilegt á Þingvelli áður en þar kom rennandi vatn. Mætti jafnvel geta þess til að hið skógi vaxna hraun fyrir norðurenda Þingvallahrauns hafi ekki þótt byggilegt lengi fram eftir landnámsöld meðan á betri löndum var kostur, og að það hafi verið ein forsenda þess að þar var hægt að setja þing að landið tilheyrði engum sérstökum. Ef Öxará var veitt niður á vellina eftir að þinghald hófst, væntanlega til að þingheimur hefði tryggt vatnsból, verður að teljast sennilegt að búskapur hafi ekki hafist þar fyrir en eftir að þinghald hófst á staðnum. Til þess bendir að bærinn dregur nafn af þinginu en ekki öfugt, því að ef bærinn hefði heitið Bláskógar þá hefði mátt vænta þess að þingstaðurinn hefði heitað eftir honum Bláskógaþing. Hvergi er getið um bændur á Þingvöllum fyrir en á seinni hluta 12. aldar. Þá bjó þar Brandur Þórisson, stórættaður maður og mægður stórmennum, sennilega minniháttar höfðingi. Um og eftir 1200 bjó á Þingvöllum Guðmundur gríss Ámundason. Hann og Magnús sonur hans voru höfðingjar um Kjalarnesþing og áttu allsherjargoðorðið. Af þessu hafa menn talið að þeir feðgar gætu hafa verið afkomendur Ingólfs Arnarsonar og má vera að sú ætt hafi á einhvern hátt tengst Þingvöllum í gegnum hið óljósa hlutverk allsherjargoða. Um 1220 er getið um Guðlaug Eyjólfsson frá Þingvöllum, en hann var sonur Eyjólfssonar og Keldna-Valgerðar, og er þannig vitað um þrjá menn af ólíkum, en þó allir stórum, ættum sem virðast hafa búið á Þingvöllum á innan við 40 ára tímabili. Hvernig megi túlka þetta er óvíst en augljóst er að

<sup>2</sup> *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Rv 1988, 190.

<sup>3</sup> Fyrir utan Þingvelli sjálfa gæti verið um að ræða bæjarstæði í Vatnskoti, Skógarkoti, Hrauntúni, Litla Hrauntúni, Skuggabjörgum og Gjábakka.

<sup>4</sup> Rögnvaldur Þorláksson: *Greinargerð um Öxará*, október 1985 (ópr.).

Þingvellir hafa ekki verið undir hælnum á einni ætt og má vera að þess hafi verið gætt að bærinn væri jafnan setinn af stórættuðum en valdalitlum mönnum sem hvorki tengdust Haukdælum né höfðingjum Borgfirðinga.

Þó Alþingis og Þingvalla sé víða getið í íslenskum miðaldatextum, í lögþókkunum Grágás, Járnsíðu og Jónsbók jafnt sem fornsögum, annálum og skjölum, er hvergi að finna lýsingu á þingstaðnum eða bænum. Þingstaðurinn og nágrenni hans eru oft baksvið atburða sem raktir eru í sögum eða annálum en þrátt fyrir það eru þær lýsingar hvergi svo skýrar að sjá megi hvar á Þingvöllum einstök mannvirki hafi staðið eða atburðir átt sér stað. Um slíkar staðsetningar er yfirleitt ekki annað að hafa en getsakir 18. aldar manna og munnmæli sem þá voru þekkt og síðan auðvitað þær fornleifar sem enn eru undir sverði.

Þó ekki sé vitað um búskap á Þingvöllum fyrr en í lok 12. aldar þá verður að telja líklegt að hann hafi hafist miklu fyrr. Eftir Guðlaug Eyjólfsson er ekki vitað um neinn bónda á Þingvöllum eða neitt um búskap þar fyrr en í lok 14. aldar. Þá er máldagi Þingvallakirkju ritaður í hina miklu máldagabók Vilchins biskups sem byrjað var á 1397. Máldaginn er sennilega eldri að stofni til eins og flestir máldagar í þeirri bók en ekki er ástæða til að ætla að stofn hans sé eldri en frá fyrri hluta 14. aldar. Þar kemur fram að kirkjan átti þá ekki aðra landareign en 6 hundruð í Brúsastaðajörð en var vel stæð að kvikfé og sæmilega að gripum, þó ekki meir en meðalkirkja. Undir lok máldagans er getið um gjafir til kirkjunnar sem gefnar höfðu verið “sijdann sira Ormur kom.” Tæplega hefði verið vísað til séra Orms á þennan hátt ef hann hefði aðeins verið heimilisprestur heldur hefur hann annaðhvort átt jörðina eða verið staðarhaldari þó ekki komi fram í máldaganum að Þingvellir séu staður. Sú túlkun fær þó stuðning af því að í síðustu línu máldagans er gefin upphæð tíundar sem greidd hafði verið til kirkjunnar á undanliðnum 12 árum og var það aðeins 8 álnir á ári.<sup>5</sup> Á 18. öld er þess getið oftar en einu sinni að kirkjutíund á Þingvöllum hafi verið sáralítill, yfirleitt 18 eða 19 og í mesta lagi 20 álnir á ári. Þá var skýringin sú að meirihluti jarða í sókninni var eign kirkjunnar á Þingvöllum og voru því undanþegnar tíundargreiðslum. Hafi Þingvallakirkja ekki átt aðrar jarðir í sókninni á 14. öld en hluta af Brúsastöðum þá hefði kirkjutíundin átt að hafa verið miklu meiri, ekki undir 35-40 álnum á ári.<sup>6</sup> Þetta verða að teljast veigamikil

<sup>5</sup> *Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn [hérefir DI] IV, 93-94.*

<sup>6</sup> Nema auðvitað að einhver önnur kirkja eða aðrar kirkjur hafi átt jarðirnar, þar á meðal Þingvelli sjálfa en

rök fyrir því að Þingvellir hafi verið orðnir staður á 14. öld og mætti kannski ímynda sér að þeir hefðu orðið það af því að jörðin var upphaflega allsherjarfé en að slík skilgreining hafi verið orðin merkingarlítill í hugum manna eftir að Íslendingar sameinuðust um norskan konung og eftir að staðakröfur biskupa voru viðurkenndar í lok 13. aldar. Óvenjulegur uppruni eignarhaldsins gæti þannig skýrt af hverju þess er ekki getið í máldaganum að kirkjan ætti heimaland allt og útjarðir. Auðvitað gæti það líka einfaldlega hafa dottið út af vangá.

Í það minnsta er ljóst að Þingvellir hafa verið orðnir staður fyrir 1469 því 1489 var tekið í lög að tíund þyrfti að greiða af þeim jörðum sem komist höfðu undir konung eða kirkju á næstu 20 árum þar á undan og alla tíð þar eftir.<sup>7</sup> Það er líka skýrt af næsta máldaga kirkjunnar, í máldagasafni Gísla Jónssonar biskups frá því um 1570.<sup>8</sup> Þar er kirkjan sögð eiga heimaland allt og Skjaldbreið, Heiðarbæ, Kárastaði, Stíflisdal og Neðri Brú í Grímsnesi en síðastnefndu jörðina hefur hún eignast eftir 1474.<sup>9</sup> Ekki er nú getið um Brúsastaði en þeir eru taldir með í máldaga Brynjólfs biskups frá 1644 en þá síðar í textanum en hinar jarðirnar og er ekki tekið fram matsverð eða upphæð landskuldar eins og við hinar jarðirnar.<sup>10</sup> Brúsastaða er heldur ekki getið í máldaga Jóns Vídalín frá 1703<sup>11</sup> en hins vegar kemur fram í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711 að Brúsastaðir tilheyri Þingvallakirkju og er ekki unnt að greina af þeim texta að það hafi þá gerst nýlega.<sup>12</sup> Er sennilegast að kirkjan hafi alltaf átt hluta Brúsastaða, sennilega helming, en að hinn hlutann hafi hún eignast einhvern tíma á árabílinu 1397 til 1570.

Auk kirkjujarðanna, sem voru meirihluti jarða í Þingvallasveit, var fjöldi smærri býla í byggð um 1700 í landi Þingvalla. Þá höfðu Vatnskot, Skógarkot og Svartagil greinilega verið í byggð lengi en auk þeirra voru gömul bæjarstæði undir Arnarfelli, á Böðvarshóli, Þórhallastöðum, tvennum Hrauntúnum, Múlakoti, Grímastöðum og Bárúkoti.<sup>13</sup> Á fyrri hluta 18. aldar kom upp mál varðandi landsmerki Þingvalla sem varpað getur nokkru ljósi á sögu jarðarinnar. Árið 1740 lögfesti sr. Markús

það verður að teljast í hæsta máta ólíklegt.

<sup>7</sup> DI VI, 663.

<sup>8</sup> DI XV, 644-645.

<sup>9</sup> DI V, 751.

<sup>10</sup> Vísitásiubók Brynjólfs biskups um Sunnlendingafjórðung 1641-1670, s. 75-76. Þjsks.

<sup>11</sup> Vísitásiubók Jóns Vídalíns yfir Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung, s. 128r-129r. Þjsks.

<sup>12</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* [hér eftir JÁM] II, 368.

<sup>13</sup> JÁM II, 361-67.

Snæbjörnsson staðarhaldari Þingvallakirkju mikið land frá því sunnan við Arnarfell að austanverðu og norður fyrir Skjaldbreið og með sýslumörkum suður fyrir Heiðarbæ að vestan.<sup>14</sup> Innan þessa landsvæðis er land Skálabrekku sem aldrei hefur tilheyrt Þingvöllum eða Þingvallakirkju svo vitað sé og einnig Gjábakka sem 1711 var talinn tilheyra Skálholtskirkju. Sennilega hefur sr. Markús farið heldur offari með þessari lögfestu en ætla má að hann hafi ekki gripið þessi landamerki úr lausu lofti heldur álitnið að Þingvöllum hefði upphaflega tilheyrt allt það land sem hann tiltók og að þær jarðir aðrar sem byggðar voru innan þeirra marka væru upphaflega útjarðir frá höfuðbólínu. Frá svipuðum tíma er til skýrsla Guðmundar Erlingssonar sem hafði verið leiguliði á Brúsastöðum milli 1709 og 1737 og taldi hann að þann tíma hefði enginn maður heyrt nefnt að “Þyngvalla jardar land være ein þufa fyrir ofan almannagja ... frá armannsfelle og so langt sem til hennar sast ut til enda.”<sup>15</sup> Hér er greinilega um annarskonar mál að ræða en í lögfestunni, því aldrei hefur vafi leikið á að Svartagil tilheyri Þingvallakirkju og þar með land fyrir ofan Almannagjá og austan Öxará, og var jörðin enn talin hjáleiga á 18. öld. Skýrsla Guðmundar lýsir því mörkum afnotaréttar innan Þingvallalands á meðan lögfesta sr. Markúsar lýsir hugmynd um eignarumráð stórbýlis með útjörðum. Í landamerkjaskrá frá 1.9.1886 eru merki rakin frá Sauðanesi eins og í lögfestunni 1740, og er Gjábakkaland þá þar með innifalið, en vesturmörkin eru um Öxará. Þar er tekið fram að staðurinn eigi rétt til beitar á Þinginu á móts við Þingvallabæ og í Almannagjá.<sup>16</sup>

Eigi sú hugmynd við rök að styðjast að Öxará hafi verið veitt niður í Almannagjá eftir að stofnað var til þinghalds þar og að býli hafi þá fyrst risið á Þingvöllum, má skýra bæði óvísst eignarhald Brúsastaða og hin heldur sérkennilegu landamerki um mitt þingið, á þá leið að Brúsastaðir hafi verið aðaljörðin við norðvestnvert Þingvallavatn í upphafi og hafi lengi eftir verið sjálfstæð eign. Það má jafnvel ímynda sér að það hafi haft pólitíska merkingu að staður sá sem alþingi var haldið á hafi ekki verið kirkjueign eins og landið austan við Öxará.

### **Bærinn**

Ekki er annað vitað en að Þingvallabær hafi ávallt staðið þar sem íbúðarhúsið nú

<sup>14</sup> Matthías Þórðarson (1945) *Þingvöllur. Alþingisstaðurinn forni*, Reykjavík [hérefitir: MÞ Þingvöllur], 283-284.

<sup>15</sup> MÞ Þingvöllur, 284-285.

<sup>16</sup> MÞ Þingvöllur, 286-287.



er. Á gömlum myndum sést að bærinn hefur snúið stöfnum í suður og að þeir voru í línu við suðurhlíð kirkjugarðsins. Núverandi hús nær því talsvert sunnar en gamli bærinn og ætla má að leifar hans sé undir núverandi húsi jafnt sem austan og vestan við það. Elsta lýsing af bænum er frá 1678 og hefur hann þá verið með klassísku lagi, stofa og skáli fremst og bæjardyr á milli og þar inn af klefi (sennilega skemma), búr, eldhús og baðstofa. Á hlaðinu stóð smiðja og lítið “kokkhús” en auk þess var útielldhús laust frá bænum og fjós með sambyggðu hesthúsi í túninu, sennilega á Fjóshólum.

Bærinn	1678	1746	1780	1819	1879
Baðstofa	4	4	4	7 (9,6x2,5 m)	5 (8,3x2,7 m)
Eldhús	1	X	3	(4,4x1,9 m)	3 (4,4x2,3 m)
Klefi	3	4	4	(4,4x2,5 m)	
Göng	X	X	X	(7,5x0,9 m)	(6,7x1,5 m)
Búr	3	3	3	4 (5,6x2,2 m)	(5,6x2,2 m)
Skáli	3	3	3		
Stofa	5	3	3		
Bæjardyr	1	X	X	(5x1,9 m)	(4,9x2,5 m)
<b>útielldhús</b>					
Eldhús	1				
Fjós	6 naut	13 naut	13 naut	13 naut	8 naut
Hesthús	1	í tóft	í tóft	4 hestar	2 hestar
Smiðja	1		3	3 (5,4x1,5 m)	3 (3,9x2,2 m)
Kokkhús	1				
skemma		2	2	3 (4,1x1,6 m)	4 (3,9x2,2 m)
heygarður		X	45 faðm	40 faðm	22 faðm
húsagarður				51 faðm	X
2 litlir útikofar					X

TAFLA 1. Hús á Þingvallastað samkvæmt úttektum 1678-1879. Tölurnar merkja stafgólf, X ef aðeins er getið um húsið en ekki stærð þess, en í svigum er gefið upp mál á húsunum.

Engar stórvægilegar breytingar verða á skipan bæjarhúsa eftir því sem best verður séð fram undir 1800 að öðru leyti en því að í stað útielldhúss kemur skemma, sem gæti verið sama húsið og kokkhúsið á hlaðinu hverfur. Hesthúsið var fallið lengst af 18. öldinni en fjósið virðist hafa verið stækkað. 1819 eru skáli og stofa horfin en í staðinn virðist baðstofan hafa stækkað til muna en heldur virðist bærinn þó minnka á 19. öld og 1882 þótti hann vera alltof lítill og byggði sr. Jens Pálsson þá alveg nýtt hús, sem var timburbygging framan við bæinn, 10x5 m að stærð en aftan við það voru elshús og búr úr torfi. Þegar sr. Jens afhenti staðinn 1888 var hann talinn eigandi hins nýja húss því framkvæmdin hafði ekki verið samþykkt af yfirvöldum og þau ekki tekið þátt í kostnaði

við hana. Byggði sr. Jens því gamla bæinn upp að nýju í húsagarðinum móti norðvestri. Eftirmaður hans, sr. Jón Thorsteinsson, virðist hafa fengið leyfi til að rífa þessa nýju “gömlu” byggingu og kaupa hitt húsið á kostnað konungs. Ofan á það hús var síðan sett ný hæð 1906 og komu timburskúrar smátt og smátt í staðinn fyrir torfbyggingarnar í kring. Núverandi Þingvallabær var síðan reistur á gamla bæjarstæðinu 1928. Til að byrja með voru aðeins 3 burstir en tveimur nýjum var bætt við 1974.

Þrátt fyrir fjölbreyttar heimildir um Þingvelli er ekki vitað hvort þar hafi verið búið er Alþingi var stofnað, eða fyrstu 2 aldirnar eftir stofnun þess. Ekki er útilokað að búið hafi verið á Þingvöllum, þar sem Þingvallabær er nú, frá upphafi landnáms og jafnvel að byggð hafi hafist snemma á einhverjum þeirra eyðibýla sem eru í Þingvallalandi, en bæjarhóllinn á Þingvöllum og leifar annarra bæjarstæða hafa ekki verið rannsakaðar.<sup>17</sup>

### **Kirkjan**

Samkvæmt Íslendingabók var kristni lögtekin á Alþingi árið 999 eða 1000.<sup>18</sup> Elsta heimild um kirkju á Þingvöllum er Hungurvaka sem rituð er á fyrsta áratug 13. aldar. Þar kemur fram að 1118 hafi kirkja sú fokið á Þingvöllum er Haraldur harðráði (1047-1066) hafi fengið viðinn til.<sup>19</sup> Höfundur Hungurvöku hefur a.m.k. verið miðaldra maður er hann reit þessa sögu Skálholtsbiskupa og gæti því hafa hitt menn sem mundu kirkjubrotið 1118. Hungurvaka verður því að teljast áreiðanleg heimild um það atriði og vel má vera að einhver fótur hafi verið fyrir því að Haraldur konungur hafi sent kirkjuviðinn til Íslands. Í Hungurvöku er það orðað svo að Haraldur hafi “fengið viðinn til” og má vera að að baki liggja sögn svipuð þeirri um kirkju þá sem Þorkell Eyjólfsson ætlaði að reisa á Helgafelli en Ólafur konungur helgi á að hafa gefið honum viðinn til hennar.<sup>20</sup> Að minnsta kosti er ekki augljóst að túlka Hungurvöku sem svo að Þingvallakirkja hafi verið reist á vegum konungs, þó að um margt sé freistandi að líta á hana sem heimild um áhuga Noregskonunga á 11. öld á að efla áhrif sín á Íslandi.

<sup>17</sup> Um eyðibýlin, sjá MÞ Þingvöllum, 81 o.áfr.

<sup>18</sup> ÍF I, 14-17.

<sup>19</sup> *Biskupasögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi* I, Kh. 1853, 71. Sama sögn er endurtekin í Kristni sögu, sama heimild, 30.

<sup>20</sup> ÍF V, 216.

Í yngri heimildum en Hungurvöku fær Þingvallakirkja nokkuð lengri forsögu. Í Ólafs sögu helga eftir Styrmi ábóta frá um 1220 er sagt um dýrlinginn að hann hafi látið “kirkiu gera a Jslandi a Þinguelli þar sem nu er honum helgud kirkia.”<sup>21</sup> Snorri Sturluson skrifaði aðra Ólafs sögu, byggða á sögu Styrmis og þrjónar aðeins við söguna um Þingvallakirkju: “Óláfr konungr hafði sent til Íslands kirkjuvið, ok var sú kirkja gor á Þingvelli, þar er alþingi er. Hann sendi með klukku mikla, þá er enn er þar.”<sup>22</sup> Hér mætti geta þess til að þegar Þingvallakirkja var vígð Ólafi konungi, sem varla hefur gerst fyrr en á seinni hluta 12. aldar, hafi verið búin til helgisögn þess efnis að dýrlingurinn hafi sjálfur gefið kirkjuvið og klukku til fyrstu kirkjunnar þar, og hefur ekki þurft að búa hana til úr engu, aðeins hnika til um einn konung. Uppruni klukku þeirrar sem í Þingvallakirkju var hélt þó áfram að vefjast fyrir sagnariturum og seinna í Heimskringlu, í sögu Haralds harðráða, segir Snorri sjálfur: “Haraldr konungr sendi klukku þangat [til Íslands] til kirkju þeirrar, er enn helgi Óláfr konungr hafði sendan viðinn til ok sett er á Þingvelli.”<sup>23</sup> Hér er helst að halda að misvísandi sögur hafi verið á kreiki, ekki aðeins um hvor konunganna sendi viðinn heldur einnig um klukku þá sem verið hefur í kirkjunni á árunum 1220-30 þegar allar þessar sögur eru ritaðar. Besta tilraun til heildarsamræmis er síðan að finna í sögu Magnúsar góða og Haraldar harðráða í Flateyjarbók og Morkinskinnu, einnig frá um 1220: “Haralldr konungr sende vt til Jslands klucku til kirkiu þeirrar er hinn heilage Olafur konungr sende uidin til og adra kluckuna. og su kirkia var sett aa þinguelle þar sem alþinge er sett.”<sup>24</sup> Hér er fá báðir konungarnir nokkuð hlutverk, Ólafur helgi kirkjuviðinn og klukku en Haraldur harðráði aðra klukku, og má sjá á þessu að í Þingvallakirkju hafa verið tvær klukkur á 13. öld, hvorug nýtilkomin.

Þó Þingvallakirkju og kirkjugarðs sé getið á nokkrum stöðum í Íslendingasögum, verður lítið af þeim frásögnum ráðið um gerð kirkjunnar eða staðsetningu. Ljóst er að þingmenn hafa að jafnaði gengið til aftansöngs í Þingvallakirkju,<sup>25</sup> að stétt hefur verið sunnan við kirkjuna og að þar hafa menn gjarna staðið á mannfundum.<sup>26</sup> Í Grágás og

<sup>21</sup> Flateyjarbók 1868, III, 247.

<sup>22</sup> Heimskringla, Ólafs saga helga ÍF XXVII, 214. sbr. Ólafs saga konungs hin mesta - *Den store saga om Olav den Hellige*, Oslo 1941, s. 325.

<sup>23</sup> Heimskringla, Haralds saga Sigurðarsonar, ÍF XXVIII, 119. Sbr. Nóregs konunga tal, Fagrskinna, ÍF XXIX, 261. Sneglu Halla þáttur, *Flateyjarbók* 1868, III, 415.

<sup>24</sup> Magnús saga góða og Haralds harðráða, *Flateyjarbók* 1868, III, 344. Sbr. *Morkinskinna* 1932, 170.

<sup>25</sup> Ljósvetninga saga, 7. kap; Bandamanna saga, 9. kap.

<sup>26</sup> Ljósvetninga saga, 6. kap.

Njáls sögu er kirkjugarðurinn á Þingvöllum kallaður ‘búandakirkjugarður’.<sup>27</sup> Matthías Þórðarson reyndi að leggja merkingu í þessi brot og lagði til að á 11. öld hefðu verið tvær kirkjur á Þingvöllum, ein “búandakirkja” og önnur “þingmannakirkja” (nýyrði Matthíasar). Matthíasí fannst ófært að þingmenn hefðu þurft að troðast inní kirkju Þingvallabónða, sem hann sá fyrir sér sem litla einkakapellu sem hefði verið reist skömmu eftir kristnitöku og þessvegna hefði verið mikil þörf á nýrri kirkju sem Ólafur helgi hefði gefið þjóðinni og hefði hún þjónað þingheimi til 1118 er hana braut í ofsaveðri. Síðan þá hefði aðeins verið búandakirkja á Þingvöllum. Matthías taldi sig meira að segja geta stungið upp á hvar “þingmannakirkjan” hefði verið: á hólnum þar sem núverandi kirkja er. Sú tilgáta byggði mest á því að stétt sú sem talað er um sunnan undir kirkjunni í Ljósvetninga sögu fannst honum ómögulega geta verið í kirkjugarðinum þar sem “búandakirkjan” hefur jafnan verið og fannst honum það eiga betur við uppi á hólnum. Að öllu leyti er þessi hugarsmið Matthíasar byggð á litlum rökum. Það er til dæmis einmitt líklegt að hellustétt hafi verið meðfram kirkjunni í kirkjugarðinum en þar er deiglent og því þörf á grjótlögn til að koma í veg fyrir að svað myndist við mikla umferð. Hugtakið “búandakirkjugarður” má skýra með því að kirkjugarðurinn á Þingvöllum hafi á 11.-12. öld verið einkakirkjugarður, að þar hafi aðeins heimilismenn Þingvallabónða átt rétt á legi, en fyrir aðkomumenn sem dóu um þingtímamann hafi þurft að finna leg annarsstaðar. Slíkar takmarkanir voru algengar á 12. og jafnvel 13. öld eins og fjölmargir máldagar sýna, og hurfu ekki fyrr en sóknaskipulagið var orðið fast í sessi í lok 13. aldar.<sup>28</sup> Eina heimildin sem Matthías hafði að styðjast við var sögn sú er Páll Vídalín skráði í lok 17. aldar að kirkjan hafi í fornöld staðið á hraunhólnum norðan við bæinn þar sem Þingvallakirkja er nú. Hvað sem hæft er í því þá þýðir sögnin ekki að kirkjurnar hafi nokkurn tíma verið tvær.

Einfaldast er að gera ráð fyrir að ein kirkja hafi verið reist á Þingvöllum á 11. öld og telja má allgóða vissu fyrir því að sú fyrsta kirkja eða arftaki hennar hafi fokið í óveðri 1118. Sennilegt er að einhver fótur sé fyrir sögnum um gjafir annaðhvort Ólafs helga eða Haralds harðráða til Þingvallakirkju en ólíklegt er að úr því fáiast skorið í

<sup>27</sup> Njáls saga, 123. kap. *Grágás. Islændernes Lovbog i Fristatens Tid*, Udgivet efter det Kongelige Biblioteks Haandskrift og oversat av Vilhjálmur Finsen, Kbh. 1852.

<sup>28</sup> Sbr. Orri Vésteinsson 1996: *The Christianisation of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000-1300*. ópr. Ph.D. ritgerð, Univeristy of London; Orri Vésteinsson 1998: ‘Íslenska sóknaskipulagið og samband heimila á miðöldum.’ *Íslenska söguþingið* 28.-31. maí 1997, *Ráðstefnurit* I, 147-166.

hverju sú gjöf fólst.

Um staðsetningu þessarar fyrstu kirkju er heldur ekkert vitað en mestar líkur eru á að kirkja sú er Alexíus Pálsson vígðist til í byrjun 16. aldar hafi staðið mjög lengi á sama stað, hugsanlega allt frá byrjun 11. aldar. Sú kirkja mun hafa staðið í kirkjugarði þeim sem enn er á árbakkanum vestan við bæinn. Ekki er vitað hvar í honum nákvæmlega, né hvort garðurinn hefur færst eitthvað til á umliðnum öldum, sem alls ekki er ólíklegt. Elstu kirkjuleifanna gæti því verið að leita í miðjum kirkjugarðinum sem nú er, og er þá tæplega mikið eftir af þeim, því grafir hafa verið teknar þar um aldabil og var garðurinn talinn útgrafinn um síðustu aldamót. Hafi kirkjugarðurinn verið færður til, t.d. fjær árbakkanum þá gæti kirkjuleifanna verið að leita vestan við núverandi kirkjugarðsvegg.

Páll Vídalín segir frá því í skýringum yfir fornyrði Jónsbókar að Alexíus Pálsson hafi, sennilega í kringum 1520, fært kirkjuna úr kirkjugarðinum og upp á hólinn þar sem hún hefur staðið síðan, norðan við bæinn, vegna vatnsuppgangs í kirkjugarðinum. Páll bætir því við að kirkjan hafi í fornöld staðið á hólum þangað sem kirkjan var færð á 16. öld.<sup>29</sup>

Máldagar og vísitásiur Þingvallakirkju gefa engar vísbendingar um staðsetningu kirkjunnar en elsta lýsing hennar er í máldaga Brynjólfs biskups frá 1644. Þá hefur kirkjan verið nýlega uppbyggð og er henni lýst svo:

kyrckian i sialffre sier væn og algilld. Mattar vider / aff eik. v. staffgölff. bunden jnnan Med eikarbóndum / og sud Med vænum grenebordum. þiliadur koren / heffur þetta Allt S. Eingelbrigt tillagt og byggia läted / gamaltt Alltare og Predikunar Stoll. Standþil fyr / er kyrckiu. kuenn sæte i kyrckiu er smijda heffur lat / ed S. Eingelbrigt hurd aa järnum lagde annat / til S. Eingelbrigt jnnlæst vænne læsingu Med hespu.<sup>30</sup>

Séra Engilbrikt Nikulásson var prestur á Þingvöllum 1617-1668 og hefur sennilega reist þessa nýju kirkju um 1640. Næst er til afhending Þingvallastaðar frá 1678 og er þessari sömu kirkju þá lýst svo:

kyrkian so standande med 5 stafg- / olfum, alþiliud fyrer framann og bakþil j kornum sumu / lósnu yfer sialfu alltarenu. Alltare Predikunarstoll / halfþil mille kors og kyrckiu, dyraummbuningur fyrer / framan þilid med snickverke ad ofanverdu, kuenn / sæte j kyrkiune fast, Sud A allre kyrkiune med sex / sperrumm, hurd A järnum med litlum koparhrýng og / godre skrä, husid sterkt og stædelegt ad vidum og veggjum / utan huad vidvijkur funumm wnderstock

<sup>29</sup> Páll Vídalín (1854) *Skýringar yfir fornyrði lögbókar þeirrar er Jónsbók kallast*, Reykjavík, 17.

<sup>30</sup> Vísitásiubók Brynjólfs biskups um Sunnlendingafjórðung 1641-1670, 75-76. Þjsks.

sunnannframm. / Grindin sialf ad nedanverdu vtlendsk af eik.<sup>31</sup>

Næst var kirkja og staður afhent 1703 og er kirkjan þá talin vera í hálfu sjötta stafgólfi

alpiliud utar / i gegn, með standþile og biorþile bak og fyrir kyrkiu; / becker födrader bæde i kör og framkyrkiu; kvenn- / sæte, alltarj velsæmelegt með gradu j predikunarstóll / máladur halfpil ä mille kors og kyrkiu með pilar- / um ofanslär; hurd ä Jarnum með skra likle og / vænum koparhring með fæti [!] sem gefed hefur lög- / madurinn Monsr Sigurdur Bjornsson Vindskeid er fyr- / er framan kirkiuna: Hüsed vel stædelegt bædj ad vegg- / ium og vidum, fyrer utan eina fiól i südinni ad / sunnan verdu i fremsta stafgolfe, hvad erfingiar / Sal Sr Arna lofa ad endurbæta ädur en kyrkian / afhendt er; glerglugge yfer predikunarstöl, annar / litilfiorlegur yfer alltarj og litel brik sem gefed hef / ur Sal M. Þordur.<sup>32</sup>

Svo virðist sem eitthvað hafi kirkjunni verið breytt og hún prýdd, m.a. með glerrúðum en þó virðist þetta vera í grundvallaratriðum sama húsið og lýst er 1644 og 1678. 1726 er kirkjan enn með sama móti en er þá talin “ad widum æred gomul, fuen og hláleg, fyrer utan weggena, sem eru af griote nylega reparerader”<sup>33</sup> Þetta er í fyrsta skipti sem getið er um grjótveggi um Þingvallakirkju en ekki er þó annað að sjá en að kirkja sú sem sr. Engilbrikt reisti um 1640 hafi verið með hlífðarveggjum úr torfi og grjóti að norðan og sunnan.

Sr. Markús Snæbjörnsson, sá sem lögfesti Þingvallaland með víðum ummerkjum og áður var getið, reisti nýja kirkju á Þingvöllum um 1740. Hann tók við staðnum 1739 en í vísitasíu frá 1746 er kirkjan sögð “i 6 stafgolfum under Súd, alpiliud um hverfis i Chör og framkirkiu til beggia hlida. ... Þetta Guds hus, ad veggium og vidum athugad er ad öllu leite vænt og vel á sig komed nilega uppbyggt og endurbætt af hingad til verande Bene ficiario Sra Marcuse Snæbjörnssyne.”<sup>34</sup> Þessu til staðfestingar má nefna að Jón Ólafsson frá Grunnavík skýrir frá því að Markús hafi fundið í veggjarundirstöðum kirkjunnar, þá er hann byggði hana upp, annan þeirra steina með alinmáli sem voru í kirkjukömpunum og komið honum þannig fyrir í öðrum kirkjuveggjum að hann sæist,<sup>35</sup> og má af því ráða að hann hafi byggt kirkjuna algerlega frá grunni. Þó fjöldi stafgólfa sé ekki áreiðanleg vísbending um stærð húsa þá má vera að þetta hús hafi verið ívið stærra

<sup>31</sup> Vísitásiubók Þórðar Þorlákssonar 1671-1679, s. 115r-115v. Þjsks.

<sup>32</sup> Vísitásiubók Jóns Vídalíns yfir Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung (Bps A II, 14), 128r-129r. Þjsks.

<sup>33</sup> Bps A II, 17, 564-66.

<sup>34</sup> Kirkjustóll Þingvallakirkju 1746-1840, 1-3. Þjsks.

<sup>35</sup> sbr. KK Isl. Beskr. I. 145.

en kirkja séra Engilbriks frá um 1640.

Nákvæmari lýsing á kirkju sr. Markúsar er til frá 1750:

kyrkian j siälfre sier, er j 6 stafgolfum, öll under Sud, alpiliud til beggia hlida, Slagpil uppj giegn bæde fyrer framann og ad körbake listad, med födrudum vindskeidum yfir. Upp af alltarinu er glerglugge med 9 rudum, annar aframmstafni med 6, becker hälffódrader j kórnum med brikum ad framann, kördyr eru med stöfum, under stock og pilärum upp yfer, þil [?] under þverslä ad nordan ... j framkyrkiune er langbeckur sunnanverdu, hurd ä järnum med Skrä og vænum likle ... kyrkiann er vel standandi ad veggium og vidum.<sup>36</sup>

Ekki er getið um breytingar á þessari kirkju fyrr en um 1770 en 1772 hafði norðurveggur hennar verið hlaðinn upp en um það hafði verið kvartað þegar 1755 að hann væri lélegur og hefur eftir þessu að dæma ekki verið mikið vandað til verks við byggingu þessarar kirkju. 1776 er þess getið að langþiljur séu farnar að gisna og eina vanti og 1779 segir prófastur að kirkjan sé farin að ganga á torfveggina og þurfi viðréttingu og 1783 er svo komið að prófastur telur í vísitasíu að kirkjan þurfi við fyrstu hentugleika að reparerast. Það varð þó ekki fyrr en sumarið 1790 að sr. Páll Þorláksson lét byggja nýja kirkju á Þingvöllum.

Sú kirkja virðist hafa verið jafnstór forvera sínum, 6 stafgólfi, og mjög lík að öllu leyti enda voru viðir gömlu kirkjunnar endurnýttir að verulega leyti í hinu nýja húsi. Samkvæmt mælingu frá 1845 var þetta hús 12x5 álnir að stærð eða 7,5x3,1 m, jafnlöng en heldur mjórri en kirkja sú er reist var 1859 og enn stendur.

Í vísitasíum frá 19. öld er öðru hverju getið um galla og viðgerðir á kirkjunni. 1803 er þilja þegar fallin úr framkirkjunni að sunnan og önnur farin að gallast af fúa en 1808 hafði verið gert við þær. 1818 er farið að votta fyrir vatnsgangi á þilsperrur kórsins að innan og 1822 er kominn torfgafl á kirkjuna að austan, en fram að því hafði verið timburþil fyrir kórnum. 1828 kemur fram að kórinn taki upp tvö af sex stafgólfum kirkjunnar en 1836 er “kirkiuhusid ... nu somasamlega uppbyggt af nyu aukid ad þilium, gólfe og Málverke.” Næstu ár á eftir er kirkjan talin vel á sig komin en 1844 er “kyrkiueggurinn nyrdri ... faren ad kloffna sudurveggurinn er heldur ecki fri ad bungu ut um midiuna.” 1852 hefur gólfið í kórnum verið endurbætt en veggirnir eru enn bilaðir og þakið einnig farið að verða hrörlegt. Næstu ár á eftir virðist hægt og sígandi síga á ógæfuhliðina og aukast og ágjörast gallarnir ár frá ári allt til 1859 að sr. Símon Beck

<sup>36</sup> Kirkjustóll Þingvallakirkju 1746-1840, 16-18. Þjsks.

lætur smíða kirkju þá sem enn stendur á Þingvallastað.<sup>37</sup>

Ekki er vitað að neinar meiriháttar viðgerðir hafi verið gerðar á kirkju þeirri sem nú stendur, sem fylgt hafi verulegt jarðrask. 1893 “er grundvöllurinn ókalkadur og sumstadar dálítið bilaður og þyrfti að bæta úr því innan skamms.” en 1901 “hefur kirkian fengið þá aðgerð að grunnurinn undir henni hefur verið steinlímdu.” 1911 bendir biskup á í vísitasíu að “eigi mundi fulltrygg hleðsla undir austurgafli kirkjunnar og væri rjett að ganga þar betur frá og þá um leið festa niður hornin á austurhlið.” 1923 er grunnmúr og tröppur kirkjunnar taldar mjög gallaðar og þörf fyrir bráðlega að gera við bæði húsið sjálft og grunninn. Ekki er vitað hvort ráðist var í þær framkvæmdir þá en einhverjar viðgerðir hafa verið gerðar á grunninum á þessari öld, múrhúð er horfin og hleðslur nú traustar að sjá.

### ***Annáll Þingvallakirkju***

1118:	Timburkirkja fýkur.
um 1520:	sr. Alexíus Pálsson lætur flytja kirkju úr kirkjugarði vestan við bæinn upp á hraunhól norðan við.
um 1640:	sr. Engilbrikt Nikulásson reisir nýja kirkju í 5 stafgólfum, seinna aukin í 5 og hálfstafgólf.
um 1740:	sr. Markús Snæbjörnsson reisir nýja kirkju í 6 stafgólfum.
sumarið 1790:	sr. Páll Þorláksson reisir nýja kirkju með sama sniði og hin fyrri, hún er 7,5x3,1 m að stærð.
1822:	Austurgafli úr torfi og grjóti bætt við kirkjuna.
1859:	Sr. Símon Beck reisir timburkirkju, jafnlanga hinni fyrri en 5 m breiða.

Þó að annað verði ekki ætlað en að þær 5 kirkjur sem staðið hafa á Þingvöllum frá um 1529 hafi allar verið uppi á hólnum þar sem núverandi kirkja er, þá er ekki vita hvort þær hafa allar staðið hver á annarar grunni eða hvort þeir skarast að einhverju leyti. Fyrir fáum árum var grafið fyrir ljóskastara norðan við kirkjuna og kom þá í ljós hleðslugrjót. Ójöfnur, sem gætu verið hleðsluleifar sjást einnig norðaustan við kirkjuna, í línu við staðinn þar sem hleðslugrjótið kom upp og einnig spölkorn frá suðausturhorni. Vel getur hugsast að þessar minjar séu leifar eldri kirkjugrunna á Þingvöllum.

### ***Kirkjugarður***

Þó að kirkjugarðurinn á Þingvöllum hafi öðlast nokkra frægð í fornritum kemur hvergi fram hvar hann var á miðöldum. Elsta vísbending um það er sögn sú er Páll

<sup>37</sup> Kirkjustóll Þingvallakirkju 1746-1840; Kirkjubók Þingvallakirkju 1829-1959.



Vídalín skráði um kirkjuflutning Alexíusar Pálssonar um 1520 og er ljóst af henni að garðurinn hefur þá verið á þeim slóðum sem hann er nú, á árbakkanum vestan við bæinn. Hvort hann hefur haft sömu takmörk og nú er óvíst mál og vel er mögulegt að hann hafi verið færður til austurs í tímans rás.

Garðsins er fyrst getið í vísitasíu 1750 og er þá að einhverju leyti bilaður, en ekki kemur fram hvar eða hversu mikið. 1776 er kirkjugarðurinn lágur og sumstaðar fallinn en 1779 er byrjað að laga hann. 1781 er garðurinn hins vegar talinn mjög hrörlegur, en þá kemur fram að hann sé spölkorn frá kirkjunni. 1783 hefur garðurinn allur verið endurhlaðinn “fyrir utan litid sticke i utsudurhornenu” og er nú ekki getið um galla á honum fyrr en 1808 en þá er garðurinn að sunnanverðu fallinn. 1829 er garðurinn allur talinn í sæmilegu standi utan hvað að grind vantar í sáluhlið sem nú er getið í fyrsta sinn. 1836 telur prófastur að kirkjugarðurinn þurfi að uppbyggjast og 1844 var búið að hlaða upp tvær hliðar garðsins og búið að flytja torf til hinna tveggja. 1852 er kirkjugarðurinn sæmilega standandi nema norðurhluti austurhliðar er fallinn og var ekki búið að bæta úr því 1854 en 1856 er hann allur uppistandandi og umbúningur á kirkiugarðshliði sæmilegur. 1860 er “kirkiugardrinn ... allr standandi, en víða galladur og sumstadar of lágur” en næstu ár til 1873 er hann talinn í góðu standi. 1873 er “kirkiugarðurinn ... víða farinn að skekkjast en einkum er útnordur horn hans, og partur sá, sem er fyrir vestan sáluhlið á sudrkanti mjög brostid. 1875 var kirkjugarðurinn endurhlaðinn en 1890 var talið að byggja þyrfti upp suðurhliðina og hækka vesturhliðina og er þess enn getið 1893 en 1895 hafði garðurinn fengið þá aðgjörð að hann áleitst í góðu lagi. 1899 er “kirkjugarðurinn ... vel stæðilegur og sáluhlið nýaðgjört, garðurinn er orðinn útgrafinn og hefur verið fengið leyfi biskups til að taka upp nýjan grafreit og presturinn gefið kost á grafreitsstæði í túninu og efni í girðingu til afnota. En sóknarmenn hafa heldur kosið að fylla upp garðinn með mold og hefur þegar verið byrjað á því. Verður nýjum kirkjugarði því frestað um óákveðinn tíma.” Þrátt fyrir þetta hafði næst er vísiterað var 1901, ekkert verið fyllt af kirkjugarðinum “enda hefur þess ekki verið þörf.” Á næstu árum virðist ekkert hafa verið gert við garðinn enda hálf í hvoru búið við að ákvörðun yrði tekin um að færa garðinn eða fylla hann upp. Í kjölfar kirkjulaga 1907 er málinu vísað til safnaðarfundar 1909 sem átti að ákvarða hvort meir eða minna yrði gert við garðinn. Ekki virðist þó hafa orðið mikið úr því og í biskupsvísitasíu 1911 er

kirkjugarðurinn sagður “allur útgrafinn og mjög rakur. Talið helst ráðlegt að hækka garðinn og fylla moldu. Garðurinn er nú allvel girtur og er í byggingu það sem eptir er, og verið að setja nýtt sáluhlið, girðingin er úr torfi og grjóti.” 1913 er verið “að gjöra við kirkjugarðinn sem enn verður á sama stað og er langt komið að hlaða girðinguna kring um hann, verður svo sléttur vír settur ofan á hana. Rjett þykir að slétta það út af garðinum sem allra þykkast er. Sömuleiðis þyrfti að rjetta minnimerki þau sem farin eru að hallast. Sömuleiðis færi vel á því, þegar garðurinn er orðinn fjárheldur að planta á leiði annaðhvort blóm eða tré.” 1915 er kirkjugarðurinn “sem talað hefur verið um að færa ... enn á sama stað og er 1 veggurinn óupphlaðinn, sem væntanlega verður gjört bráðum ... Óráðið er enn hvar nýjum kirkjugarði verður komið fyrir, en nefnd sem safnaðarfundur hefur kosið hefur það til meðferðar.” Þrátt fyrir þessa innreið lýðræðisins í sóknarstarf Þingvallasveitar þótti prófasti rétt að bæta því við að “Í bráðina mundi að líkindum nægja að fylla upp nokkurn hluta kirkjugarðsins.” 1928 hefur verið gerð sú breyting á kirkjugarðinum “að girðingin að vestan og norðan hefir verið færð út þannig, að nú er garðurinn hornréttari en áður var. Yfirleitt er girðingin um garðinn stæðileg, en þó þarf að hækka hina nýju hleðslu á norðurhlið.”<sup>38</sup>

Ekkert hafði verið gert við garðinn 1937 en Matthías Þórðarson greinir frá því að “... skömmu fyrir lýðveldishátíðina ... 17. júní 1944, [hafi] hinum gamla kirkjugarði þar [verið] gerbreytt. Hafði hann til þess tíma haft á sér hinn sérstaka, þjóðlega svip, með grasi-grónum leiðum hlið við hlið. Voru þau nú öll færð í kaf eða þeim jafnað við jörðu. Nokkur minningarmörk standa þó hér og þar upp úr flatneskjunni og sýna, hvar hinn fornhelgi búandakirkjugarður var.”<sup>39</sup>

Kirkjugarðsveggurinn er enn úr torfi og grjóti og hefur garðurinn verið færður út að hluta að norðanverðu en aðrar hliðar eru með því sniði sem gengið var frá 1928. Suður og austurhliðar eru sennilega á sama stað og þær hafa verið um langa hríð. Saga viðgerða á kirkjugarðsveggjum sýnir að garðurinn er byggður á deiglendi og hafa torfveggirnir þar sokkið mjög hratt þannig að viðgerða hefur verið þörf á 10-20 ára fresti. Garðurinn var aldrei færður eins og áformað var um síðustu aldamót heldur hefur sú lausn orðið ofan á sem þá var þegar byrjað á að fylla hann með mold og er garðurinn nú meira eins og pallur þar sem fyllt hefur verið upp á brúnir kirkjugarðsveggjanna. Sú aðgerð hefur verið fullkomnuð fyrir 1944 og má ætla að allt að einum metra af mold hafi verið bætt ofan á sumstaðar en garðurinn hefur greinilega verið ósléttur og sennilega

<sup>38</sup> Kirkjustóll Þingvallakirkju 1746-1840; Kirkjubók Þingvallakirkju 1829-1959.

<sup>39</sup> MÞ Þingvöllur, 271.

hærri að norðan og austan.

Ætla má að þær grafir sem teknar hafa verið í garðinum á þessari öld hafi flestar verið í uppfyllingu og því ekki skemmt eldri grafir. Hins vegar er ljóst að um 1900 var garðurinn talinn útgrafinn og því sennilegt að þá hafi lengi verið búið að margjarðsetja ofan í sömu grafirnar. Það bendir auðvitað til að garðurinn hafi þá lengi verið jafnstór og á sama stað.

Líkur eru á að varðveisla lífrænna leifa á árbakkanum, þ.á.m. í kirkjugarðinum sé góð vegna hárrar vatnsstöðu og sé kirkju- og kirkjugarðsleifar að finna á flatanum vestan við núverandi garð þá er líklegt að rannsóknarskilyrði séu þar mjög ákjósanleg.

## Fornleifar í landi Þingvalla

### *Athuganir og skráning á 18. öld*

Þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd á 13. öld tók þinghald á Þingvöllum breytingum, þannig að þar varð ekki lengur allsherjarsamkoma eins og lýst er í Íslendingasögum heldur fyrst og fremst dómþing og fundur ráðamanna landsins. Alþingi gegndi þó áfram veigamiklu hlutverki sem æðsta valdastofnun innlend en eftir að einveldi var komið á 1662 dró mjög úr pólitískri þýðingu þess uns það var lagt niður í lok 18. aldar. Voru elstu minjar þinghalds þá fallnar í gleymsku, huldar jarðvegi og yngri mannvistarleifum eða jafnvel horfnar með öllu. 18. öldin virðist þó hafa verið helsta öld framkvæmda á þingstaðnum en þá fóru embættismenn konungs aftur að byggja búðir í Þinginu og reist var sérstakt lögréttuhús.

Rannsóknir á fornum mannvistarleifum á Þingvöllum hófust á 18. öld og hafa þar verið gerðar margvíslegar athuganir síðan<sup>40</sup>. Elsta lýsing af þingstaðnum er "Alþings Catastasis Epter sógn fyrre manna" sem mun hafa verið gerð árið 1700<sup>41</sup>. Þar er sagt frá lögréttu og um 18 búðum. Búðatóftunum er ekki lýst, en sagt er hvar þær eru og að þær hafi tilheyrt hinum ýmsu mönnum, sem þekktir voru úr fornsögum. Þar segir að hið

<sup>40</sup> Matthías Þórðarson (MÞ Þingvöllur, 11-46) hefur skráð rækilega rannsóknarsögu Þingvalla frá 1700-1945 og byggir fyrri hluti þessa yfirlits að mestu á hans verki. Verður látið nægja að greina frá aðalatriðum þessarar sögu, en vísað að öðru leyti til skrifna Matthíasar.

<sup>41</sup> Ny kgl. Samling nr. 1281, fol. Pr. í MÞ Þingvöllur, 272-273.

"gamla Lögberg" sé á Spönginni. Hafa fræðimenn síðan deilt hart um hvort Lögberg hafi verið þar á Spönginni eða á Hallinum vestan Öxarár. Af frumritinu eru til fjölmargar afskriftir sem sýnir að áhugi á þessu efni hefur verið töluverður<sup>42</sup>. Þessi ritgerð hefur leitt til þess að gerð var lýsing á þingstaðnum árið 1735, eins og hann var þá<sup>43</sup>. Er hún gagnmerk samtímaheimild um hvar búðir lögmanna, amtmanns, landfógeta, landsskrifara og búðir sýslumanna voru. Árið 1783 skráði eldklerkurinn Jón Steingrímsson búðir á Þingvöllum og er þar að finna annars vegar lýsingu á fornmannabúðum en hins vegar þeim búðum sem þá voru og er sú lýsing ýtarlegri en eldri skráin<sup>44</sup>. Þessar 18. aldar lýsingar á staðsetningu þingbúða fornanna byggðu á munnmælum og ágiskunum út frá frásögnum fornsagnanna.

Jón Ólafsson frá Grunnavík ólst upp hjá Páli Vídalín lögmanni og reið með honum til þings hvert sumar á árunum 1719-1726. Eru til lýsingar eftir hann á mannvirkjum frá þeirri öld<sup>45</sup>. Af þeim 18. aldar mönnum sem fjölluðu um þingstaðinn forna, var hann fyrstur til að benda á að Lögberg hafi líklega verið á Hallinum skammt norðan við Snorrabúð. Taldi hann sig m.a. hafa fundið leifar hinnar fornu lögréttu þar á berginu. Segist hann hafa fundið þar "ferkantaða hraunsteina, setta í hálfhring", sem "voru allir mátulega stórir til að sitja á". Þessir steinar eru ekki lengur á sínum stað því Jón og félagar hans tóku þá upp, veltu þeim niður af Hallinum og gerðu úr þeim stillur yfir ána<sup>46</sup>. Er Þingvalla enn fremur getið í nokkrum landlýsingum og ferðabókum frá 18. öld, og eru þeirra merkastar lýsing Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Auk þessara lýsinga eru til þrjár upprættir af þingstaðum frá 18. öld og einn frá öndverðri 19. öld. Enginn þeirra er nákvæmur í samanburði við upprætti frá síðari tímum, en sýna flestir engu að síður Þingvallabæ, kirkjugarðinn vestan, og kirkjuna norðan bæjar, nokkrar tjaldaðar búðir og helstu drætti í landslaginu í kring<sup>47</sup>.

### **Rannsóknir á 19. öld**

Á 19. öld fór áhugi á fornleifum og sögustöðum vaxandi. Til er stutt lýsing á

<sup>42</sup> Sjá MÞ Þingvöllur, 14-15

<sup>43</sup> Ny kgl. Samling nr. 1281, fol.

<sup>44</sup> Lbs. 574, 4to; pr. í MÞ Þingvöllur.

<sup>45</sup> AM 979a, 4to; AM 433, fol.

<sup>46</sup> Ibid.; sbr. MÞ Þingvöllur, 157

<sup>47</sup> Þessar upprættir eru prentaðir í: MÞ Þingvöllur, 20-23.

mannvistarleifum á Þingvöllum eftir Finn Magnússon, sem hann tók saman um 1816 að því er virðist fyrir dönsku fornleifanefndina sem komið var á fót í Kaupmannahöfn 1807<sup>48</sup>. Fyrstu friðlýsingar á íslenskum fornleifum byggðu að mestu á athugunum Finns, og friðaði nefndin m.a. Borgarvirki, Snorralaus og Dómhring á Þórsnesi<sup>49</sup>, en athyglisvert er að mannvistarleifar á Þingvelli voru ekki friðaðar að sinni. Jafnframt ritaði Páll Þorláksson prestur á Þingvöllum skýrslu um fornleifar í sókn sinni fyrir nefndina árið 1817<sup>50</sup>. Þar segir frá Þorleifshaug, Spönginni og einnig er getið um stein gegnt kirkjudyrum þar sem sagt er að merkt sé fornt álnamál<sup>51</sup>. Er getið um "ærið stórar búðatóptarústir um allt", en ekki gefin nánari lýsing þar á<sup>52</sup>. Árið 1835 var birt í fyrsta sinni kvæðið "Ísland" eftir Jónas Hallgrímsson skáld, náttúrufræðing og fornleifaskoðara. Kemur fram hjá skáldinu, að ein þessara búða sem talin var búð Snorra goða, væri nú gerð að stekk. Árið 1840 skrifaði séra Björn Pálsson sóknalýsingu Þingvalla að tilhlutan Jónasar og Bókmenntafélagsins. Þar eru einungis nefndar "búðatóftir nógar" og tveir dómhringar<sup>53</sup>.

Um miðja 19. öld fengu fornar mannvirkjaleifar á Þingvöllum táknrænt gildi í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og hér slær saman pólitískri sögu og sögu fræða og þjóðlegra rannsókna. Sigurður Guðmundsson málari og stofnandi Forngripasafns Íslands hóf rannsóknir á Þingvöllum, og var hann óspart hvattur af Jóni Sigurðssyni til þess<sup>54</sup>. Athyglisvert er að þeir gerðu sér grein fyrir mörgum aðferðafræðilegum vandamálum varðandi minjaskoðun á söguslóðum. Jón varaði Sigurð við því að trúá öllum frásögnum fólks um minjastaði, og gæta sín á því "að þeir ljúgi engu sjálfir, sem segja frá, því þeim hættir við að ginna á þesskonar okkur söguflin"<sup>55</sup>. Sigurður aflaði sér upplýsinga hjá staðkunnugum<sup>56</sup>, og benti sjálfur á að mikilvægt væri við rannsókn á Þingvelli að safna

<sup>48</sup> Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823 (1983) Sveinbjörn Rafnsson . Reykjavík [héreftir FF], 620.

<sup>49</sup> FF, xvii-xviii.

<sup>50</sup> Skýrsla hans er pr. í FF, 219-221.

<sup>51</sup> Um álna- og ábótasteina við Þingvallakirkju, sjá MÞ Þingvöllum, 269-270.

<sup>52</sup> FF, 221.

<sup>53</sup> *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843* (1979) Svavar Sigmundsson . Reykjavík, 190.

<sup>54</sup> . Sjá bréf Sigurðar Guðmundssonar til Jóns Sigurðssonar dags. 28. september 1861, í Matthías Þórðarson, "Bréfaskipti Jóns Sigurðssonar forseta og Sigurðar Guðmundssonar málara", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1929, 34-35, og bréf Jóns til Sigurðar dags. 8. maí 1863, *sama heimild.*, 40-41.

<sup>55</sup> . Bréf Jóns Sigurðssonar til Sigurðar Guðmundssonar, dags. 10. júní 1863, *sama heimild*, 43.

<sup>56</sup> Hann sendi m.a. Einar S. Einarsen prófasti sem verið hafði á Þingvöllum 1822-1828 langan spurningalista um minjar, staðhátta og örnefni. Eru svör Einars mjög fróðleg skýrsla um staðinn og eru þau

upplýsingum um yngri minjar, s.s. fjárhús, fjós, heygarda og réttir til að þeim verði ekki ruglað saman við búðatóftir eða dómhringa<sup>57</sup>. Jón lagði hart að Sigurði að rannsaka Þingvöll vandlega og skrifa um hann lærða ritgerð<sup>58</sup>. Gerði Sigurður rannsókn á Þingvelli um 1861 og Bókmenntafélagið gaf út skýrslu hans árið 1878, að honum látnum. Var það fyrsta sjálfstæða verkið um fornleifar á Þingvelli. Björn Gunnlaugsson, sem fyrr á öldinni hafði unnið að Íslandsupprætti fyrir Bókmenntafélagið, slóst í för með Sigurði og gerðu þeir uppdrátt af staðnum sem var mun nákvæmari en fyrri kort. Ljóst er að Sigurður hafði talsverða þekkingu á sögunum og lögbókunum fornu. Þessar heimildir gefa þá mynd af þingstaðnum að þar hafi verið búðir er menn héldu til í yfir þingtímann, lögrétta og dómhringur. Í sögunum eru vísbendingar um afstöðu búða einstakra manna. Sigurður lagði mikla áherslu á að bera kennsl á hverja búð og ákvaða hver hafi þar haldið til á söguöld. Hann fann í sögunum lauslegar lýsingar á aðstæðum er gáfu einhverja vísbendingu um legu búðanna á svæðinu og bætti sumum við á Þingvallaruppdrátt án þess að þeirra sæjust merki á yfirborði. Niðurstaða Sigurðar var á þá leið að flestar sjáanlegar minjar á staðnum mátti tengja sögu fyrstu alda Íslandsbyggðar. Á örfáum stöðum getur hann yngri minja sem hann segir hafa verið byggingar sem reistar hafa verið á eldri tóftum. Af þessum sökum var ritgerð Sigurðar talsvert gagnrýnd af erlendum fræðimönnum<sup>59</sup>.

Hinn merki fornfræðingur Kristian Kålund var á ferð um Ísland árin 1872-74 og safnaði upplýsingum um sögustaði. Í riti hans um íslenska sögustaði<sup>60</sup> er að finna rækilegustu lýsingu á Þingvöllum og þeim Þingvallavandamálum sem þá voru efst á baugi<sup>61</sup>. Hann gefur stutta lýsingu á búðunum sem þar voru sýnilegar, en taldi líklegt að allar minjar sem voru þar frá söguöld, væru horfnar, enda hafi tóftarbrotin fornu horfið er nýjar búðir og aðrar byggingar voru reistar á Þingvöllum í aldanna rás.

Hið íslenska fornleifafélag lét það verða eitt sitt fyrsta verk eftir stofnun félagsins

prentuð sem fylgiskjal nr II í *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1921-22 (útg. 1922)*, 99-104.

<sup>57</sup> Bréf Sigurðar Guðmundssonar til Jóns Sigurðssonar, dags. 4. ágúst 1864, sama heimild, 45-46.

<sup>58</sup> Sbr. bréf Jóns Sigurðssonar, dags. 1. nóvember 1861, 8. maí 1863, 10. júní 1863, 27. ágúst 1864, sama heimild, 36, 40-41, 43 og 46-47.

<sup>59</sup> Sjá t.d. Rolf Apri, "[ritd.] : Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island ved P.E. Kristian Kaalund. ...", "Alþingisstaður hinn forni við Öxará með uppdráttum eptir Sigurd Guðmundsson...", *Nordisk tidskrift för vetenskap, konst och industri*, IV, 1881, 360-371.

<sup>60</sup> P.E.K. Kålund (1877-1882) *Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island*, Kh. Ísl. þýð [Haraldur Matthíasson]: (1984-1986) *Íslenskir sögustaðir I-IV* [hérefitir: KK], Reykjavík.

<sup>61</sup> KK, 65-106.

að gera rannsókn á Þingvelli 1880, enda var félagið upphaflega stofnað í kringum fyrirhugaðar Þingvallarannsóknir. Sigurður Vigfússon fór á vegum félagsins og rannsakaði bæði minjar og staðhátta, með hliðsjón af fornsögunum<sup>62</sup>. Hann birti með rannsókn sinni uppdrátt Björns Gunnlaugssonar að viðbættum nýjum upplýsingum. Sigurður mældi upp allnokkur mannvirki og gróf í minjar á sex stöðum beggja vegna Öxarár: í Biskupabúð sem er skammt vestan við traðirnar að Þingvallabæ og norðvestan kirkjunnar, í hleðslu skammt vestan við suðurenda Spangarinnar, í mannvirkið á Spönginni, í "Njálsbúð" vestan ár á móts við Þingvallabæ, í "Snorrabúð", og loks í hleðsluna á Hallinum norðan við Snorrabúð, þar sem sumir fræðimenn töldu að Lögberg hefði verið. Taldi Sigurður sig sanna að Lögberg hefði verið á Spönginni og snérist þar með gegn skoðunum virtra fræðimanna á borð við Kálund og Guðbrand Vigfússon, sem töldu Lögberg hafa verið vestan ár.

### **Rannsóknir 1900-1950**

Fræðilegur áhugi á Þingvöllum var mjög almennur um aldamótin og takmarkaðist ekki eingöngu við deilur um staðsetningu Lögbergs<sup>63</sup>. Um þetta leyti naut minjastaðurinn hins vegar engrar sérstakrar friðhelgi. Á ársfundi Fornleifafélagsins 1901 fór Finnur Jónsson hörðum orðum um ástand minjaverndar í landinu. Gagnrýndi hann m.a. vegaframkvæmdir í Almannagjá og þá eyðileggingu sem rannsóknir Sigurðar Vigfússonar höfðu í för með sér og hvatti til þess að friðhelgi fornleifa yrði virt<sup>64</sup>. Finni varð að ósk sinni er Alþingi samþykkti árið 1907 lög um verndun fornmenja, þar sem þjóðminjaverði var m.a. heimilt að friðlýsa fornleifar.

Ekki var leitast við að skera úr um Lögbergsdeiluna með fornleifauppgrefti á nýjan leik, en kortagerð og yfirborðsathuganir héldu áfram. Herforingjaráðið lét gera uppdrátt af Þingvelli 1908, og var hann gefinn út 1910. Á honum eru merktar sumar búðartóftir, en ekki t.d. mannvirkið á Spönginni eða áhleðslan þar sem Lögberg var talið vera. Var úr þessu bætt er Samúel Eggertsson og Matthías Þórðarson gerðu nýjan

<sup>62</sup> Sigurður Vigfússon (1880-1881) "Rannsókn á hinum forna alþingisstað Íslendinga, og fleira, sem þar að lýtr", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 8-52.

<sup>63</sup> P.E.K. Kálund (1899) "Det islandske lovbjærg", *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie*, 1-18. Matthías Þórðarson (1911) "Alþingi á þjóðveldistímabilinu...", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 3-35.

<sup>64</sup> Þetta erindi var síðan birt í *Árbók félagsins* árið 1901: "Verndun fornmenja", 1-6.

upprátt af þingstaðnum 1929. Byggði hann á ítarlegum vettvangsathugunum Matthíasar.

Er vegurinn ("Konungsvegur") var lagður austur um Þingvallahraun 1907 í tilefni af heimsókn Friðriks 8., var tekinn jarðvegur ofan af hraunbungu og hól skammt vestan við veginn þar sem hann liggur um suðurenda Brennugjár. Voru sagnir um að þetta væri haugur Þorleifs jarlsskálds<sup>65</sup>. Matthías gróf í hólinn 1920 og fann þar hleðslugrjót, ösku, kol, beinaleifar og lítinn silfurpening, en taldi sig ekki geta staðfest að þar hefði verið kuml<sup>66</sup>.

Árið 1927 voru öll gömull mannvirki á Þingvöllum, beggja vegna Öxarár friðlýst af þjóðminjaverði, svo og rústir eyðibýlanna Grímsstaða, Bárúts, Múlakots, Litla-Hrauntúns, Ölkofrastaða og ónefnds býlis undir Hrafnabjörgum. Ári síðar setti Alþingi lög um verndun þjóðgarðsins á Þingvöllum<sup>67</sup>. Margvíslegar athuganir voru gerðar á næstu árum á Þingvöllum og næsta nágrenni. Voru það einkum náttúruskoðun og örnefnaskráning<sup>68</sup>.

### **Rannsóknir á síðustu árum**

Engin rannsókn með uppgrefti var gerð á Þingvöllum frá því er Matthías athugaði meint kuml vestan Brennugjár 1920 þar til tilkynnt var um óvæntan fornleifafund í Þingvallatúni 1957. Þá var verið að grafa fyrir jarðstreng og m.a. tekinn skurður skammt norðan við eystri enda Öxarárbrúar (neðri). Þar fannst s.k. tá-bagall á 43 sm dýpi. Gísli Gestsson gerði þar lauslega athugun og sá að hluturinn hafði komið úr jarðlagi með viðarkolaleifum. Undir því lagi voru mannvistarlög niður á eins metra dýpi í skurðinum<sup>69</sup>. Tá-bagallinn er að mati Kristjáns Eldjárns skreyttur með víkingaaldarstíl,

<sup>65</sup> Sbr. Sigurð Guðmundsson 1878, 44.

<sup>66</sup> Matthías Þórðarson (1921-22) "Fornleifar á Þingvelli", *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 61; MÞ Þingvöllur, 113-114, 173.

<sup>67</sup> nr. 59/1028.

<sup>68</sup> Sjá t.d.: Ólafur Lárusson (1930) "Alþingi og Þingvellir", *Árbók Ferðafélags Íslands*, 4-20 ; Guðmundur G. Bárðarson (1930) "Landmyndanir og landslag á Þingvöllum", *Árbók Ferðafélags Íslands*, 21-32 ; Guðmundur Davíðsson (1930) "Nokkur örnefni á Þingvöllum", *Árbók Ferðafélags Íslands*, 35-39; Án höf. (1930) "Búðir á Þingvöllum", *Árbók Ferðafélags Íslands*, 33-34; Ásgeir Jónasson (1937-39) "Örnefni í Þingvallahrauni", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1937-39*, 149-163 ; Hjörtur Björnsson (1937-39) "Örnefni á Mosfellsheiði", *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, 164-168. ; Guðmundur Einarsson (1943) "Þingstaðurinn forni á Þingvelli", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1941-42*, 34-39 ; Matthías Þórðarson (1943) "Lögrétta og Lögberg", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1941-42*, 40-68.

<sup>69</sup> Skýrsla Gísla er prentuð í grein Kristjáns Eldjárns (1971). Að auki er hún varðveitt í skjalasafni Þjóðminjasafns og með henni er grófur uppráttur sem ekki hefur fylgt prentuðu útgáfunni. Uppdrátturinn sýnir innbyrðis afstöðu fundarstaðar bagalsins og gólfsins.



sem nefndur er Úrnesstíll, og er frá ofanverðri 11. öld<sup>70</sup>. Er þessi fundur mjög merkur fyrir margra hluta sakir. Tá-bagall er tignarmerki biskupa og ábóta og gat Kristján þess til að hann hefði verið í eigu trúboðs- eða farandbiskups eða jafnvel eins af fyrstu biskupum Íslands. Er hann skreyttur í anda þeirrar listar sem stóð í blóma á lokaskeiði víkingaaldar, áður en hin rómanska kirkjulist miðalda ruddi sér til rúms. Loks ber að geta að þetta er ekki eingöngu eini tábagallinn sem fundist hefur á Íslandi, heldur og sá eini sem fundist hefur á Norðurlöndum.

Er Gísli athugaði betur jarðstrengsskurðinn sá hann ummerki um húsbyggingar um 13 metrum norðar og nær Þingvallabæ. Fann hann þar m.a. gólflag á tæplega 10 m löngum kafla. Er ljóst að skurðurinn hefur farið í gegnum fornar byggingar sem ekki sér til á yfirborði. Þjóðminjasafnið hugðist gera frekari rannsókn í Þingvallatúninu, en aldrei varð af því vegna anna starfsmanna og bíður þessi staður þess enn að gerð verði athugun á minjunum. Varð og enn langt hlé á fornleifaathugunum á Þingvöllum.

Árið 1985 hélt Landvernd ráðstefnu um Þingvelli 1985<sup>71</sup>. Þar hélt Guðmundur Ólafsson deildarstjóri fornleifadeildar Þjóðminjasafns erindi um uppgrefti á Þingvöllum<sup>72</sup>. Árið eftir hóf hann síðan uppmælingu á sýnilegum fornleifum á Þingvöllum. Mælingunum var haldið áfram 1987 og 1988, en engin skýrsla var gerð um árangurinn. Engar skýrslur eru heldur handbærar um hvern áfanga. Ekki er því unnt að fjalla nánar um þær athuganir hér, en þó skal þess getið að fram hefur komið að uppmælingin leiddi í ljós að á Þingvöllum væru fleiri búðaleifar en áður var talið. Samkvæmt lýsingum Matthíasar Þórðarsonar taldi hann um 37 búðaleifar á Þingvelli. Við athuganir 1986-1988 kom fram að þar væru a.m.k. 50 búðatóftir og tóftabrot.

Árið 1993 var gerð tilraun til að nota jarðsjá við fornleifaleit á Þingvöllum að ósk þjóðgarðsvarðar og Þingvallanefndar<sup>73</sup>. Rannsóknin takmarkaðist við spildu NNA við Valhöll og var gerð í því augnmiði að kanna ytri mörk "Njálsbúðar" og athuga hvort aðrar mannvistarleifar leyndust þar. Af þeim sjö sniðum sem mældu voru, náðu tvö þeirra yfir "Njálsbúð" og er niðurstaða mælinganna talin sýna að núverandi göngustígur þar nái yfir

<sup>70</sup> Kristján Eldjárn (1971) "Tá-bagall frá Þingvöllum", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1970*, 5-27.

<sup>71</sup> *Þingvellir. Framtíð og friðun. Ráðstefna 18. maí 1985*. Landvernd (fjölrit).

<sup>72</sup> Guðmundur Ólafsson (1985), Fornleifarannsóknir á Þingvöllum. *Þingvellir. Framtíð og friðun. Ráðstefna 18. maí 1985*. Reykjavík, 3.1-3.9. Í þessu erindi hefur láðst að geta rannsóknanna 1920 og 1957.

<sup>73</sup> Án höf. (1993) *Þingvellir. Jarðsjármælingar norðaustan Valhallar*, Línuhönnun hf., Reykjavík.

austurhluta hennar. Þess skal getið hér að á yfirborði er augljóst að stígurinn nær yfir austurlanglið og norðausturhorn búðarinnar.

Önnur helsta niðurstaða mælinganna var sú að talið er líklegt að þær gefi vísbendingar um tvær búðir á svæðinu sem áður voru ókunnar. Á yfirborði er þar að sjá lága hóla sem standa upp úr mýrinni, en þeir hafa enga skýra tóftalögun. Auk jarðsjárinna var notaður járnteinn og hann rekinn niður í svörðinn til að kanna hvort þar kynni að leynast grjót, sem gæti verið hleðslugrjót í veggjum. Sú athugun sýndi að grjót var m.a. að finna á þessum tveimur stöðum. Þó túlka beri niðurstöður jarðsjármælinga mjög varlega, þá er ekki ósennilegt að hólarnir í mýrinni séu búðaleifar. Er það gagnleg áminning um að fornleifar, og jafnvel þingstaðaleifar er víðar að finna á Þingvöllum en þar sem sjá má búðatóftir með berum augum. Í því sambandi má benda á að Vellirnir norðan við Öxará voru sléttaðir fyrir alþingishátíðina 1930 en þar geta vel hafa verið búðaleifar.

Þegar litið er yfir rannsóknarsögu Þingvalla blasir við að athuganir á mannvistarleifum þar hafa litlu bætt við þekkingu á staðnum. Mestu fræðilegu púðri hefur verið eytt í að bera saman 13. aldar frásagnir um atburði á söguöld við sýnilegar minjar á staðnum, sem eru líklega flestar frá 18. öld. Einnig hefur lengi verið deilt um hvar Lögberg hafi verið, en lítið er t.d. vitað um aldur eða gerð mannvirkja. Því fer fjarri að fullreynt sé að nota fornleifafræðilegar vísbendingar til að fylla þá mynd sem eldri rannsóknir hafa dregið upp af staðnum. Athyglisvert er að þrátt fyrir allt sem skrifað hefur verið og skrafað um Þingvelli til forna, þá eru engar traustar fornleifafræðilegar heimildir fyrir hendi um forsögu þingstaðarins, þ.e. 10. og 11. öld, áður en ritöld hefst á Íslandi. Er áður nefndur tá-bagall eina undantekningin frá þeirri reglu. Umfjöllun um forn mannvirki á Þingvöllum hefur að miklu leyti snúist um þjóðsögur, ágiskanir lærðra og leikra og jafnvel hreinan tilbúning. Áhrifa þessa gætir enn. Jón Ólafsson segist hafa velt niður steinum sem hann áleit hafa verið úr lögréttunni fornu og eru þau minjaspjöll á "þessum helgustu fornleifum landsins"<sup>74</sup>, enn hörmuð. Hins vegar er engan veginn víst að Jón hafi haft rétt fyrir sér um eðli og aldur þessara minja, enda um hreina ágiskun að ræða af hans hálfu. Athuganir á svonefndum dómhringum víða um land hafa leitt í ljós að allskyns

---

<sup>74</sup> MB Þingvöllur, 158.

tóftir og jafnvel náttúrumyndanir hafa verið skýrð sem minjar um forna dóm- og þingstaði án þess að nokkur fótur sé fyrir því<sup>75</sup>. Einnig er það áberandi einkenni á rannsóknnum, skráningu og kortagerð á Þingvallaminjum að þær hafa takmarkast við minjasvæðið á Hallinum og á Spönginni auk stöku bletta austan ár, en heildarkönnun á fornleifum í landi Þingvalla hefur ekki enn verið gerð.

## Nýjar rannsóknir

Á Þingvöllum bíða mörg spennandi rannsóknarverkefni, sem vert væri að vinna að í komandi framtíð, en jafnframt í ljósi ströngustu minjaverndarsjónarmiða. Annars vegar er um að ræða rannsóknir sem lúta fyrst og fremst að verndun staðarins og hins vegar athuganir með vísindaleg markmið í huga.

Brýnt er að gera almenna úttekt á ástandi minja á svæðinu, kanna t.d. rof í tóftarbrotum eða skemmdir vegna jarð- eða trjáræktar. Einnig er nauðsynlegt að skrá Þingvallaland í heild, og kortleggja þannig allar sýnilegar minjar, auk þeirra minja sem heimildir eru til um, en ekki eru sýnilegar á yfirborði. Þannig verður m.a. unnt að ákvarða takmörk þingstaðarins og gefa forsendur fyrir skipulagsvinnu og framtíðarráðstöfun jarðnæðis innan þjóðgarðsmarka.

Hvað varðar vísindalegar rannsóknir, þá er ekki hægt að mæla með stórfelldum uppgrefti á jafnmerkum fornleifastað. Æskilegra væri að takmarka fornleifauppgreift við svæði sem þegar hefur verið raskað, annað hvort við fornleifauppgreift á síðustu öld, eða vegna framkvæmda. Fróðlegt væri að hreinsa upp úr skurðum Sigurðar Vigfússonar í hin ýmsu mannvirki og leitast við að aldursgreina þau með nútímaaðferðum og lesa meira úr jarðvegssniðunum en þá var unnt. Einnig er áhugavert að rannsaka minjar í Þingvallatúni, þ.e. Þingvallabæ, kirkju og þær leifar sem leynast í túninu. Hinar óþekktu fornleifar sem komu í ljós syðst í túninu, og voru skemmdar að nokkru leyti 1957, bíða enn frekari athugana. Á Þingvöllum kunna enn að leynast leifar elstu kirkna á staðnum og væri vert að leita vísbendinga um þær og auka þannig við sögu staðarins og bæta fátæklegt heimildasafn fornleifafræðinnar um íslenska kirkjusögu. Fleiri

<sup>75</sup> Sjá: Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1992) “Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar”, *Saga*, XXX, 7-79.

rannsóknarverkefni mætti nefna en hér verður látið staðar numið og vikið að nýjustu athugunum sem gerðar hafa verið á Þingvöllum, þ.e. sú vettvangsrannsókn sem gerð var vegna fyrirhugaðra rannsókna við Þingvallakirkju.

### **Vettvangsathugun 1998**

Í tilefni af fyrirhuguðum rannsóknum á fornum kirkjuleifum í túni Þingvallabæjar, var farin stutt vettvangsferð dagana 9. september 1998 og 18. október 1998 og naut þar leiðsagnar sr. Heimis Steinssonar.

Þingvallakirkja stendur nú á hól norðan við Þingvallabæinn, sunnanhalt á mótum Biskupsbúð. Landinu hallar niður af hólum til suðvesturs frá kirkjunni en norðan við hana er gróinn hraunhóll heldur hærri en grunnflötur kirkjunnar. Sunnan undir þessum hól er þúfnarimi sem gæti bent til mannvistarleifa. Syðst í honum var komið niður á hleðslugrjót er grafið var fyrir ljóskastarastæði fyrir nokkrum árum. Hugsanlegt er að þar sé um leifar kirkjugarðsveggjar að ræða en ekki er heldur hægt að útiloka að á þessum stað hafi staðið byggingar, hugsanlega kirkjugrunnar. Þúfnariminn nær austur fyrir kirkjuna og á móts við suðausturhorn hennar er annar minni þúfnarimi sem einnig gæti bent til mannvirkjaleifa. Næst kirkjunni er slétt grasflöt og er ekki vitað til að neitt jarðrask hafi átt sér stað í seinni tíð í kringum hana eða undir gólfi hennar. Séu eldri leifar undir yfirborði á þessum stað má vænta að þær hafi ekki verið skemmdar af síðari framkvæmdum.

Fyrstu skrefin í þá átt að rekja forsögu Þingvallakirkju eru að skoða nákvæmlega svæðið í kringum núverandi kirkju en einnig verður nauðsynlegt að hyggja að vísbindingum um að kirkjan hafi upphaflega staðið mun neðar, eða á árbakkanum framundan Þingvallabæ. Þaðan á hún að hafa verið færð vegna vatnsaga á fyrri hluta 16. aldar. Núverandi kirkjugarður er á sléttum palli framan við Þingvallabæ. Garðurinn er enn í notkun og því ekki ástæða til að gera rannsóknir í honum en norðvestan við hann er slétt deiglendi niður að Öxarárbakka og væri vert að kanna hvort gamalt kirkjustæði gæti leynst þar. Ef svo reynist væri það mjög mikilvægur fundur því vænta má að varðveisluskilyrði lífrænna leifa séu mjög góð í vatnsósa jarðveginum. Einnig verður nauðsynlegt að kanna takmörk núverandi kirkjugarðs, þ.e. rannsaka svæðið utanmeð honum en ekki er óhugsandi að garðurinn hafi færst til í tímans rás. Þetta svæði væri

æskilegt að kanna fyrst með einfaldri fjarkönnunaraðferð sem nefnist viðnámsmæling. Mælt er viðnám í jarðvegi og þar sem mikið viðnám er má ælta að séu t.a.m.veggjahleðslur<sup>76</sup>. Að lokinni yfirborðskönnun yrðu síðan grafnir skurðir á þeim stöðum sem líklegt er að finnast veggjarundirstöður eða kirkjugrunnar.

## Verndun og kynning

Rannsóknir á merkjum sögustað verða sjálfsagt ávallt gerðar í þeim tvíþætta tilgangi að auka fræðilega þekkingu um staðinn sjálfan og miðla henni til almennings. Hér að ofan hefur verið fjallað um heimildir, rannsóknarsögu og vísindalegar forsendur nýrra rannsókna.

Með hliðsjón af fyrirhuguðum rannsóknum er einnig vert að huga að verndun og kynningu Þingvallaminja.

Saga fornleifaverndar á Íslandi á 20. öld hefur lengstum verið afar sorgleg. Þrátt fyrir tilraunir stjórnvalda til að sporna við minjaeyðingu með löggjöf í upphafi aldarinnar og hertari lögvernd síðustu áratugi, þá hefur tugþúsundum minjastaða verið eytt vegna framkvæmda eða af völdum jarðvegseyðingar<sup>77</sup>. Á þetta ekki síður við um það úrval staða sem friðað hefur verið með sérstakri friðlýsingu (um 700 staðir) sem aðrar fornleifar, sem njóta almennrar friðhelgi. Fornleifar á allra helgustu sögustöðum þjóðarinnar hafa einnig orðið fyrir hnjaski. Hefur það ekki eingöngu verið vegna framkvæmda við jarðræktun, vegagerð eða húsbyggingar, heldur eru og dæmi um að tilefnið hafi verið að helga minningu staðarins. Þannig voru ævafornar kirkjuleifar á Skálholti látnar víkja fyrir nýrri kirkjubyggingu um miðja 20. öld. Um leið voru leifar Skálholtsbæjar eyðilagðar að hluta, þegar bæjarhóllin var lækkaður og sléttaður í því skyni að gera umhverfi nýju kirkjunnar snyrtilegra. Sömu sögu er að segja um steinsteyptan kirkjuturn sem reistur var um svipað leyti í Görðum á Akranesi - til minningar um sögu staðarins. Þar var allt kapp lagt á að finna glæsilegu turnhýsinu stað þar sem talið var að kór Garðakirkju hafi staðið. Að vísu fór fram vönduð

<sup>76</sup> Skv. munnl. uppl. frá Dr. Gavin Lucas við fornleifarannsóknarstöðina í Cambridge.

<sup>77</sup> Sjá t.d. : Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1998) "Arfleifð fortíðar...", *Súlu*, XXV árg., 38. hefti, 119-137.

fornleifarannsókn í Skálholti vegna þessa, en í Görðum voru minjar látnar víkja fyrirvaralaust.

Einnig hefur á nokkrum stöðum verið leitast við að gera við fornleifar, umbyggja og endurhlaða fallnar hleðslur. Er nú vandi að skera úr um hve nærri slíkar viðgerðir eru upprunalegu útliti minjanna og á það m.a. við um stórmerkar mannvirkjaleifar á borð Borgarvirki og Snorralaug, sem eru með elstu friðlýstu minjum á Norðurlöndum.

Ekki er með öllu sanngjarnt að gagnrýna í ljósi nýrra verndunarsjónarmiða þá framtakssömu menn, sem fyrr á öldinni töldu sig vera að auka gildi sögustaða með ýmsum framkvæmdum. Þó er vert að minnast þess að á Íslandi eru boðskipti milli framkvæmdaaðila og minjaverndar enn ófullkomin og frumstæð. Um miðjan níunda áratuginn hófust fornleifarannsóknir í Viðey og á Bessastöðum í tilefni framkvæmda þar, og á hvorugum þessara merku staða var rannsóknarmönnum búin þau skilyrði sem samræmast vísindalegum og siðferðislegum kröfum nútímans.

Tína mætti til fleiri dæmi um það hvernig minjaverndarsjónarmið og umbætur á minjastöðum geta skarast en hér verður látið staðar numið og vikið að minjaverndarsögu Þingvalla.

Um s.l. aldamót (1897) var lagður vegur í Almannagjá til að auðvelda þar aðgang fólks að þessum merka sögustað. Eins og áður var getið harmaði Finnur Jónsson þessi náttúru- og fornminjaspjöll þegar árið 1901. Engu að síður héldu gáleysislegar vegaf framkvæmdir þar áfram og árið 1907 var lagður vegur um þvera vellina og grafnar miklar gryfjur til beggja handa. Á árunum 1920-21 og 1923-24 lét þjóðminjavörður fylla þessar gryfjur á ný, taka af og þekja veginn og troðninga en leggja þess í stað nýjan akveg<sup>78</sup>. Síðan 1927 hafa fornleifar á Þingvöllum verið friðlýstar, og nýtur staðurinn aukinnar verndunar sem þjóðgarður. Engu að síður hafa minjaspjöll haldið þar áfram að nokkru leyti, m.a. vegna framkvæmda við undirbúning að Alþingishátíðum. Á Völlum efri voru fornar reiðgötur sem nú sjást ekki lengur því undirbúningsnefnd Alþingishátíðarinnar 1930 lét slétta vellina og síðar voru þeir teknir til ræktunar. Var svo gert þrátt fyrir andstöðu þjóðminjavarðar<sup>79</sup>. 1929 voru bæjar- og peningshús tekin ofan, túnið stækkað til suðurs og lagður vegur yfir Fjósagjá, um Miðmundatún og vestur að

<sup>78</sup> MÞ Þingvöllur, 115, 145.

<sup>79</sup> MÞ Þingvöllur, 102.

Valhöll undir Hallinum<sup>80</sup>. Skömmu fyrir lýðveldishátíðina 17. júní 1944 var kirkjugarðinum á Þingvöllum umturnað, gömul, grasi-gróin leiði voru jöfnuð út eða færð í kaf<sup>81</sup>. Árið 1940 var vígður nýr grafreitir austan við kirkjuna, en ekki er ljóst hvort fornleifar hafi komið þar fram<sup>82</sup>. Ýmsar húsbyggingar fyrir og síðar á 20. öld, ásamt framkvæmdum við lagnir og aðra skurðagerð sem ábúð og mannavist fylgir, hafa eflaust valdið raski á fornminjum, þó ekki sé um það kunnugt. Fornleifafundurinn í Þingvallatúni 1957, þá er grafið var fyrir jarðstreng, ber um það glöggt vitni að fornleifar geta víða leynst þó ekki sjái til þeirra á yfirborði. Á þeim stað (Miðmundatún) og víðar hefur nú einnig verið plantað trjám og hafa rætur þeirra eflaust spillt fornleifum.

Auk þessara framkvæmda hafa minjar einnig spillst af völdum náttúrunnar. Hafi forn mannvirki staðið á völlum skammt austan Öxarár má ætla að mörg þeirra séu nú horfin í rofi. Einnig er rof í bökkum vestanmegin, þar sem búðarleifar eru enn. Lét þjóðminjavörður dýpka aðalfarveg árinna á þriðja áratugnum í því skyni að verja minjastaðinn<sup>83</sup>.

Meðal framkvæmda fyrir 1930 var að setja steina í nokkrar búðir með áletruðum búðanöfnum. Var það gert í því skyni að auðvelda ferðamönnum að átta sig á þingstaðnum. Þar eru merktar búðir sem hafa verið taldar búðastæði Snorra goða og Njáls, en einnig voru merktar búðir nokkurra embættismanna frá 18. öld. Má til sanns vegar færa að þær merkingar hafi litla þýðingu fyrir þjóðgarðsgesti, enda eru menn litlu nær að vita t.d. að tiltekin búð hafi verið búð Jens Madtson Spendrup sýslumanns.

Á sjötta og sjöunda áratugnum komu af og til upp hugmyndir um að byggja eftirlíkingar af þingbúðum á staðnum til að laða að fleiri ferðamenn og gefa þeim nánari hugmynd um hvernig var umhorfs við þinghaldið til forna. Var alloft sveigt að Kristjáni Eldjárn þjóðminjaverði í blöðum fyrir aðgerðaleysið, enda búðirnar "engum til gagns" eins og þær væru nú<sup>84</sup>. Töldu sumir nauðsynlegt að reisa "virðulegt minnismerki" á Lögbergi. Þar þyrfti að rétta af hallann sem er á Lögbergsflatanum, rækta þar gras og setja blómabeð, og "byggja Lögrétta í fornum stíl". Þó svo að hún "hafi aldrei verið staðsett upp á Lögbergshæðinni" þá yrði Lögréttubyggingin þar verðugt minnismerki

<sup>80</sup> MÞ Þingvöllur, 145.

<sup>81</sup> MÞ Þingvöllur, 271.

<sup>82</sup> Mbl. 27. árg. 23. tbl.

<sup>83</sup> MÞ Þingvöllur, 124.

<sup>84</sup> Sjá t.d. "Búðarrústirnar á Þingvöllum. Orðsending til þjóðminjavarðar, *Mánudagsbl.*, 1.3 1954.

engu að síður<sup>85</sup>. Aðrir lögðu áherslu á að reisa "fróðlega og gagnlega eftirmynd af búðum til forna", því það gæfi ekki aðeins útlendingum hugmynd um þinghaldið, heldur væri þetta "nauðsyn" fyrir Íslendinga sjálfa, einkum æskuna sem annars notar staðinn fyrir fylleríssamkomur<sup>86</sup>. Kristján stóð gegn framkvæmdum af þessu tagi, og taldi sér fátt óskyldara en "að búa til fornleifar"<sup>87</sup>.

Til þessa hefur tekist að afstýra öllum hugmyndum um að "endurgera" þingstaðinn eða einstaka búðir og hafa tillögur um það ekki komið fram lengi. Hefur endurbyggingarsinum engu að síður vaxið ásmegin síðustu ár. Nú þegar hefur "fæðingarbær" Jóns Siguðssonar verið endurreistur á Hrafnseyri, og er m.a. fyrirhugað að endurreisa bæ Eiríks rauða í Haukadal og stafkirkju í Vestmannaeyjum<sup>88</sup>. Ekki er unnt að mæla með að sú stefna verði tekin í kynningarmálum Þingvalla. Þingvellir er vinsæll viðkomustaður og er æskilegt að þess sé gætt að fornminjar verði ekki fyrir átroðningi. Víða hafa snotrir gangstígar verið lagðir, og hefur umferð verið bægt frá minjunum, en ekki að öllu leyti. Liggur m.a. troðningur langsum eftir Spönginni og þvert yfir tóftarleifar þar. Er rof í köntunum og minjarnar í mikilli hættu. Í stað þess að takmarka aðgang að Þingvöllum, væri æskilegt að beina ferðamönnum á fleiri staði í Þingvallasveit og létta þannig ágang á sjálfum þingstaðnum. Í Þingvallalandi eru t.a.m. tóftir eyðibýla sem hafa aðdráttarafl og gönguleiðir á þessa staði hafa þegar verið gerðar greiðar. Þessa staði mætti kynna enn nánar. Myndi nákvæm fornleifarskráning innan þjóðgarðsins auðvelda skipulag kynningarstarfsemi af þessu tagi.

---

<sup>85</sup> Friðrik Björnsson, "Sögustaðir á Þingvöllum", *Vísir* 8. 3 1957.

<sup>86</sup> "Í hreinskilni sagt. Búðatóftirnar á Þingvöllum...", *Mánudagsbl.* 11.6 1962.

<sup>87</sup> Kristján Eldjárn, "Lítið eitt um búðir á Þingvöllum", *Alþýðublaðið* 5. mars 1954.

<sup>88</sup> Um þetta efni sjá: Adolf Friðriksson (1998) "Ómenningararfur Íslendinga", *Skírur* 172, 451-55.



## Niðurlag

Nú er undirbúningi að fyrirhuguðum fornleifarannsóknum á Þingvöllum lokið. Hér hafa heimildir um jörð, kirkju, kirkjugarð og bæjarhús verið teknar saman. Niðurstaða þessarar heimildakönnunar sýnir m.a. að upplýsingar eða vísbendingar um elstu kirkjubyggingar og reyndar búsetu á Þingvöllum eru mjög af skornum skammti. Hér hefur rannsóknarsagan einnig verið rakin. Þrátt fyrir mikinn fræðilegan áhuga á þingminjum á Þingvöllum, hafa mjög takmarkaðar fornleifarannsóknir verið gerðar þar á 20. öld. Fornar búðir á Spönginni og vestan Öxarár hafa verið skráðar að nokkru leyti, en að frátalinni s.k. biskupsbúð á austurbakka árinna, hefur engin fornleifaskráning verið gerð á eða við bæjarstæði Þingvallabæjar, við kirkju eða í heimatúni.

Skráning á bæjarstæði Þingvallar myndi auka við almenna þekkingu á sögu Þingvallabæjar og vera forsenda fyrir nákvæmari rannsóknum á sögu Þingvallakirkju.

Skráning minja og rannsókn með uppgrefti í nágrenni Þingvallakirkju myndi auka við þekkingu á sögu kirkjustaðarins. Kirkja var fyrst reist á Þingvöllum á fyrri hluta 11. aldar, en ekki er vitað hvar nákvæmlega hinar fyrstu kirkjur stóðu. Verður máske unnt að skera úr því með nýjum fornleifarannsóknum.

Í næsta áfanga rannsóknanna er mælt með að nota viðnámsmæli við leit að minjum sem ekki sér til á yfirborði, ásamt loftljósmyndun og hefðbundinni fornleifaskráningartækni. Yfirborðsathuganir gætu leitt í ljós hvar forn mannvirki leynast undir sverðinum. Myndi það takmarka jarðrask og umfang fornleifauppgrafter, þar sem auðveldara yrði að ákvarða þá staði sem kannaðir yrðu með uppgrefti.

Mikilvægt er að samræma framkvæmdir og rannsóknir. Í hvert sinn og fyrirhugað er að leggja göngustíga eða vegi, en nauðsynlegt að kanna þar jarðveginn rækilega og leita fornra mannvistarleifa. Þannig þjónar framkvæmdin tvíþættum tilgangi: að bæta aðstöðu í þjóðgarðinum og auka við fræðilega þekkingu á honum um leið.

Fornleifarannsókn, þar sem beitt verður í fyrstu fjarkönnunaraðferðum og síðan hefðbundinni uppgraftartækni, gefur góða von um að auka við þekkingu okkar á þessum merka sögustað.

## Samantekt

- Árið 1998 var hafinn undirbúningur að rannsóknum á fornum kirkjum í Þingvöllum.
- Undirbúningurinn fólst í úttekt á rituðum heimildum um Þingvallaland, bæjarhús, kirkjur og kirkjugarð, samantekt á árangri fyrri rannsókna, og minniháttar könnun á aðstæðum til nýrra rannsókna á vettvangi.
- Lagt var mat á sannfræðilegt gildi ritheimilda og leitað vísbendinga í þeim um forn mannvirki á staðnum.
- Samkvæmt ritheimildum var kirkja reist á Þingvöllum þegar á fyrstu öld eftir kristnitökuna árið 1000.
- Staðsetning fyrstu kirkjunnar er ekki þekkt með vissu.
- Fornleifarannsóknir á Þingvöllum hafa einkum beinst að búðatóftum, Lögbergi og lögrétu.
- Engin fornleifarannsókn hefur verið gerð á bæjarhlaði, í kirkjugarði eða við Þingvallakirkju.
- Mælt er með að við næsta rannsóknaráfanga verið gerð fjarkönnun með viðnámsmæli, samhliða hefðbundinni fornleifaskráningu á Þingvallabæ.
- Rannsókn með uppgrefti, að undangenginni fjarkönnun og skráningu, gæti leitt í ljós eldri kirkjugrunna Þingvallakirkju.
- Á 20. öld hafa orðið talsverð umhverfis- og minjaspjöll á Þingvöllum vegna ýmissa framkvæmda.
- Æskilegt væri að fylgja þeirri reglu við framkvæmdir sem fela í sér jarðrask, að láta þær þjóna þeim tvöfalda tilgangi að bæta aðstöðu innan þjóðgarðs og auka við vísindalega þekkingu á fornum mannvistarleifum á Þingvöllum.